

Nd.

173. Frumvarp til laga

[131. mál]

um jöfnunargjald af sælgæti, brauðvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Við innflutning eftirtalinnna vara skal greiða sérstakt jöfnunargjald, sem rennur í ríkissjóð, svo sem hér segir:

Tollskrár nr.	Vörutegund	Jöfnunargjald
17.04.01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	40%
17.04.03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót.a.	40%
17.04.04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	40%
17.04.05	Karamellur	40%
17.04.06	Vörur úr gúmmí arabicum	40%
17.04.09	Aðrar sykurvörur sem kakaó er ekki í	40%
18.06.04	Suðusúkkulaði í stöngum, plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri ..	40%
18.06.05	Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt	40%
18.06.06	Fyllt súkkulaði og súkkulaðihúðað sælgæti, þ. m. t. konfekt	40%
18.06.09	Annars	40%
19.07.01	Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbættis	
—09	sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta	32%
19.08.01	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með	
—09	kakaói að meira eða minna leyti	32%

Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

2. gr.

Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal greiða af tollverði og skal það innheimt á sama hátt og aðflutningsgjöld og njóta sömu lögverndar og þau gjöld. Að þessu og öðru leyti gilda um jöfnunargjaldið ákvæði laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., og ákvæði laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolfleftirlit, eftir því sem við á.

3. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar jöfnunargjaldsins verð á birgðum vöru sem það það hefur ekki verið greitt af.

Ákvæði laga nr. 54/1960, um verðlagsmál, um refsingar og viðurlög skulu gilda um brot gegn ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem við á.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lagt verði sérstakt jöfnunargjald á innflutning ýmissa vara sem framleiddar eru að einhverju leyti úr landbúnaðarafurðum. Tilgangur með þessu gjaldi er að styrkja samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar í þessum greinum svo að hægt sé að heimila frjálsan innflutning á umræddum vörum.

Innan Friverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og í samningum EFTA-landa við Efnahagsbandalagið er viðurkennt að nokkuð afbrigðilegar reglur frá hinn almennu

fríverslun megi gilda um ýmsar vörur sem framleiddar eru úr landbúnaðarvörum þar eð verðlag á hráefnum til þeirra er mjög mismunandi í hinum ýmsu löndum. Í fríverslunarsamningi Íslands við Efnahagsbandalagið er þannig kveðið á að eftir 1. janúar 1980 sé heimilt að leggja 40% af grunntolli á innflutning þessara vara frá EBE löndum. Eftir að fríverslunarsamningarnir við EBE voru gerðir var einnig gerð sú breyting á stofnsamningi EFTA að heimila að leggja sérstök gjöld á innflutning þessara framleiðsluvara til að jafna verðmismun sem er á milli þeirra landbúnaðarhráefna sem notuð eru af erlendum framleiðendum og innlendum. Samkvæmt þessu ákvæði hafa flest EFTA-löndin tekið upp kerfi með breytilegum innflutningsgjöldum sem eru endurskoðuð með vissu millibili eftir því sem verðlag á erlendum og innlendum hráefnum breytist. Athugun hefur leitt í ljós að slíkt kerfi mundi ekki henta íslenskum aðstæðum. Bæði væri það mjög flókið í framkvæmd og ennfremur mundi það ekki fullnægja þörfum innlends iðnaðar. Þess í stað er nú lagt til að tekið verði upp fast jöfnunargjald, sem samsvari 40% af grunntolli umræddra vara, eins og heimilað er í fríverslunarsamningi Íslands við Efnahagsbandalagið.

Í frumvarpinu er lagt til að jöfnunargjaldið taki gildi 1. janúar 1978. Hins vegar munu tollar á þeim vörum, sem frumvarpið nær til, verða afnumdir í þrem áföngum samkvæmt gildandi lögum um tollskrá. Með álagningu jöfnunargjalds munu því hækka þau gjöld sem lögð hafa verið á innflutning þessara vara undanfarin ár, og mun því aðstaða þeirra iðngreina, sem framleiða þessar vörur, styrkjast verulega. Hingað til hefur ekki verið talið fært að standa við þá skuldbindingu gagnvart EFTA og EBE að afnema innflutningshöft á sælgæti en jöfnunargjaldið á að gera það kleift að svo verði gert. Það mælir einnig með þessum ráðstöfunum að enginn mismunur verður gerður á innflutningi frá löndum EFTA og Efnahagsbandalagsins. Loks má benda á að innheimta jöfnunargjalds hefur í för með sér nokkra tekjuaukningu fyrir ríkissjóð.

Um 1. gr.

Í greininni eru taldar upp þær vörutegundir sem jöfnunargjaldið verður lagt á og hundraðshluti gjaldsins af hverri vörutegund. Byggjast taxtar gjaldsins á samningi Íslands við Efnahagsbandalagið og er gert ráð fyrir álagningu sama gjalds á innflutning frá öllum löndum.

Heildarinnflutningur þessara vara 1976 var að cif-verði 392,7 m.kr. sem skiptist þannig að sælgæti var flutt inn fyrir 103,2 m.kr. en brauðvörur fyrir 289,5 m.kr.

Um 2. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að jöfnunargjaldið verði greitt af tollverði vöru og verði innheimt á sama hátt og aðflutningsgjöld og njóti sömu lögverndar og þau gjöld.

Um 3. gr.

Í 3. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að óheimilt skuli að hækka verð á birgðum sem jöfnunargjald hefur ekki verið greitt af. Gert er ráð fyrir að ákvæði laga nr. 54/1960, um verðlagsmál, gildi um refsingar og viðurlög við brotum á ákvæðum greinarinnar.

Um 4. gr.

Í 4. grein er gert ráð fyrir að lögín öðlist gildi 1. janúar 1978.